

Sþ.

395. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn hveraorku á Reykhólum.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á þessu ári fara fram rannsókn á því, hvort unnt sé að fá nægilega hveraorku á Reykhólum til þess að framleiða rafmagn fyrir væntanlegar stofnanir þar og nærliggjandi sveitir.

G re i n a r g e r ð.

Samkv. lögum er nú ákveðið, að reist verði tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. Hefur þegar verið veitt til hennar nokkurt fé, svo að byrjað verður þar á framkvæmdum á þessu ári. Þá er þess að vænta, að ekki líði langur tími, þar til einnig verði komið þar upp skóla, eins og gert er ráð fyrir í frumv. því um þetta efni, sem nú liggur fyrir Alþingi. Búizt er einnig við, að prestssetrið verði mjög bráðlega flutt frá Stað að Reykhólum, en læknishústaður hefur verið þar um mörg ár. Hafinn er undirbúnningur að byggingu sundlaugar þar og gert er ráð fyrir, að þar verði reistur heimavistarbarnaskóli í náinni framtíð. Aðstaða til valnsvirkjunar á Reykhólum er mjög erfið, en likindi hins vegar til, að nægileg hveraorka sé þar fyrir hendi til þess að framleiða rafmagn, ekki einasta fyrir þær stofnanir, sem reistar verða í framtíðinni þar, heldur og e. t. v. fyrir öll nærliggjandi býli. Má ekki dragast, að fram fari rannsókn á þessu, svo að ekki sé farið að kosta upp á aðrar virkjanir þar, sem hvort tveggja í senn yrðu bæði kostnaðarsamar og ófullnægjandi.